

163

16. des.

AUGLÝSING

um innheimtu á veitingaskatti.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. laga nr. 99/1933, skuli, þar til öðruvísi verður ákveðið, frá og með 15. nóvember vera kr. 7.75, enda sé innifalið í því verði andvirði allrar þjónustu.

Fjármálaráðuneytið, 16. desember 1946.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Sigtryggur Klemenzson.

164

16. des.

AUGLÝSING

um notkun heimilda vegna framkvæmda almannatryggingalaga.

I. Með tilvisun til heimildar í lögum nr. 89 6. des. 1946, um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, hefur ríkisstjórnin ákveðið, að heimildir þær, sem þar eru veittar ríkisstjórninni, skuli notaðar, en þær eru þessar:

1. að iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög sveitarfélaga samkvæmt 114. gr. skuli á árinu 1947 innheimtast með vísitöluálagi, er miðist við 300 stig;
2. að skirteinagjald samkv. 3. málsg. 127. gr. skuli á árinu 1947 vera 30 kr. (jafnt fyrir karla og konur) og afhending skirteina í fyrsta sinn, sbr. 2. málsg. 127. gr., fram fara í janúar 1947;
3. að iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. og 113. gr., sem á eru lögð með tekju- og eignarskatti 1947, skuli eigi innheimt, ef hlutaðeigendur hafa hætt rekstri fyrir árslok 1946;
4. að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1947 skuli varða skerðingu eða missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1948 samkv. 132. gr.;
5. að lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1947 vera 5 kr. á mánuði.

II. Að fenginni tillögu Tryggingaráðs hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild þá, sem henni er veitt í 9. bráðabirgðaákvæði laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að lækka iðgjöld samkv. 107. gr. nefndra laga.

Samkvæmt framansögðu ákveður ríkisstjórnin, að iðgjöld til Tryggingasjóðs skuli á árinu 1947 vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Iðgjald með vísitölu:

Kvæntir karlar	380 kr.
Ókvæntir karlar	340 kr.
Ógiftar konur	250 kr.

Á 2. verðlagssvæði:

Iðgjald með vísitölu:

164

Kvæntir karlar	300 kr.
Ókvæntir karlar	270 kr.
Ógiftar konur	200 kr.

16. des.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1946.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

165

fyrir Ræktunarsamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

20. des.

Ræktunarsamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gerir á grundvelli laga nr. 7. 12. jan. 1945, svofellda ræktunarsamþykkt:

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirgreind hreppabúnaðarfélög:

Búnaðarfélag Kolbeinsstaðahrepps.	Búnaðarfélag Ólafsvíkurhrepps.
— Eyjahrepps.	— Fróðárhrepps.
— Miklaholtshrepps.	— Eyrarsveitar.
— Staðarsveitar.	— Helgafellssveitar.
— Breiðuvíkurhrepps.	— Stykkishólshrepps.
— Neshrepps.	— Skógarstrandarhrepps.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykktarsvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á túnnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnslu- aðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert ráð ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert

- 165** með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum, eftir fyrir-
20. des. sögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Ræktunarsambandið velur sér framkvæmdastjórn. Skal hún kjörin á aðalfundi ræktunarsambandsins til þriggja ára. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en þeir eru ekki skyldir til að taka við endurkosningu.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar og annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn ræktunarsambandsins annast útvegum á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða- og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, eftir ákvörðun aðalfundar, en skytt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkferanefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir þeirri fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna og sér um á hverjum tíma, að verkfnin séu tekin í þeirri röð, er aðalfundur hefur ákveðið.

8. gr.

Stjórnin ræður starfsmenn og ákveður launakjör þeirra. Heimilt er stjórninni, með samþykki aðalfundar, að ráða framkvæmdastjóra til eins árs eða skemmri tíma. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allar ályktanir aðalfundar eru bindandi fyrir hreppabúnaðarfélagin, er að samþykkt þessari standa, án þess að það sé sérstaklega borið undir þau. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins, sem haldinn er í maí ár hvert, og skipaður er einum fulltrúa frá hverju sambandsfélagi.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skytt er stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, fyrir janúarlok ár hvert, að skrá verkbeiðnir félagsmanna. Skal þar tilgreint hverjar jarða-

bætur óskað er að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra. Skýrslum þessum 165
ber að skila til ræktunarsambandsstjórnar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Skýrsl- 20. des.
unni fylgi, frá verkkaupendum, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig fyrir þau
verk, sem hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber stjórn ræktunarsam-
bandsins að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Ber að leggja
hana fyrir aðalfund ræktunarsambandsins til samþykktar. Framkvæmdastjórn er
skyld að fylgja samþykkttri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem
við verður komið, án þess að það valdi óhæfilegum aukakostnaði við flutning
véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun, að öðru jöfnu, sé látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmd-
um.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi
hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi
verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að
það tefji eigi jarðvinnsluna, svo því marki verði náð, að allur heyskapur verði
tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaup-
anda um leið og vinnu er lokið, eftir þeim verktaxta er aðalfundur hefur samþykkt.
Heimilt er stjórn ræktunarsambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum
verktöxtum meðan verkið stendur yfir ár hvert, en lokareikningsskil séu byggð á
tilkostnaðarverði eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætl-
aðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla
og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnu-
staða, viðhald véla, er stafar af bilunum og sliti þeirra, vaxtagreiðslur kostnaðar
við verkstjórn og stjórnarkostnaður, enn fremur kostnaður við ræktunarsambands-
fundi.

Heimilt er ræktunarsambandsstjórn að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað
riflega áhættuþóknun.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambandsins getur heimilað framkvæmdastjórn að taka
ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda
sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing af því, sem vinna á.

165

20. des.

16. gr.
Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lokræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila, að taka að sér verkefni fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra á samþykktarsvæðinu, þó þau falli ekki undir ákvæði 2. gr., ef tryggt er, að það sé hagkvæmt fyrir ræktunarsambandið, enda sé og tryggt, að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo það brjóti í hága við hagsmunum samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins, og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 70000.00.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Leggst það í stofnsjóð jafnóðum og framlagið greiðist úr framkvæmdasjóði ríkisins.
 2. Fast gjald, kr. 150.00 af hverju býli, sem er í ábúð á samþykktarsvæðinu utan skipulagslóða kauptúnanna (tvíbýli telst tvö býli), og 25 kr. af hverjum ha rækt-aðs lands kauptúnanna og broti er nær $\frac{1}{3}$ úr ha.
 3. Hinn hlutinn verði 25000 kr. framlag ræktunarsambandsins sjálfs og allt að 2% á byggðar jarðir eftir fasteignamati lands. Erfðaleiguhafar og eigendur eða ábú-endur jarða skulu greiða framlög þessi, en lóðaeigendur greiða framlögin sjálfir. Stofnfjárframlag samkvæmt 2. og 3. tölul. er lagt fram sem óafturkræft framlag þessara aðila.
 4. Auk þessa fjár leggjast í stofnsjóð árlega tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. gr.
- Búnaðarfélagin bera ábyrgð á innheimtu fjárins, hvert á sínu svæði.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppabúnaðarfélaganna greiðist inn til ræktunarsambandsstjórnar þá er samþykkt þessi hefur öðlzt gildi.

20. gr.

Komi í ljós síðar, að álitum framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárauðningu til hreppabúnaðarfélaganna, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund ræktunarsambandsins. Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi ræktunarsambandsins ákveða stofnfjárauðningu, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélagin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaganna.